



Félag löggiltra endurskoðenda

## HAUSTRÁÐSTEFNA 2021

Föstudag 5. nóvember á Nordica Hótel 2. hæð

Ráðstefnustjóri: Arna Guðrún Tryggvadóttir

- 8:00                    **Skráning hefst**
- 8:30 - 8:40           **Ráðstefnan sett**  
*Bryndís Björk Guðjónsdóttir, formaður FLE*
- 8:40 – 9:40           **Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka Atvinnulífsins**  
fjallar um efnahags- og atvinnumál frá sjónarhorni SA.
- 9:40 – 10:00        **Kaffi**
- 10:00 – 11:00       **Vinnustofur Iota 1**
- 11:00 - 11:10       **Skiptitími**
- 11:10 - 12:10       **Vinnustofur Iota 2**
- 12:10 – 13:00       **Hádegisverður**
- 13:00 - 14:00       **Vinnustofur Iota 3**
- 14:00                   **Aðalfundur FLE hefst strax að lokinni ráðstefnu**

**Léttar veitingar í boði félagsins til heiðurs nýjum formanni**

Ráðstefnan kostar **kr. 21.000** og er eingöngu opin fyrir félagsmenn í FLE og starfsmenn endurskoðunarfyrirtækja. Hádegisverður er innifalinn í verðinu.

Ráðstefnan gefur samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Allir þátttakendur fá eina einingu í endurskoðun og eina einingu í reikningsskil og fjármál og síðan þrjár til viðbótar sem fer eftir vali á vinnustofum.

**Vinsamlegast skráið þátttöku ykkar á vef Félags löggiltra endurskoðenda [www.fle.is](http://www.fle.is) eigi síðar en kl. 12:00 þann 2. nóvember. Að þeim tíma liðnum er ekki hægt að tryggja einstaklingsval á vinnustofum.**

# LÝSING Á VINNUSTOFUM

## Vinnustofa 1: Gigg hagkerfið - breytingar á vinnumarkaði

**Umsjón:** Davíð Rafn Kristjánsson hjá Swappagency.com

*Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi*

### Lýsing á vinnustofu:

Á vinnustofunni verður farið yfir almennar breytingar á vinnuumhverfi í kjölfar Covid 19, svo sem fjarvinnu, mikilvægi erlendra sérfræðinga og fleira sem endurskoðendur þurfa að aðlagast sig að. Einnig áskoranir og tækifæri sem felast í öflugu "Gig Economy" á Íslandi. Farið er yfir "svarta hagkerfið" og hvernig hægt sé að hjálpa einstaklingum og búa til hvetjandi kerfi til að vera réttum megin við lögin.

### Verkefni

Opnar umræður og safnað saman tillögum að úrbættum.

## Vinnustofa 2: Afskrift viðskiptavildar

**Umsjón:** Gunnar Snorri Þorvarðarson, sérfræðingur hjá Marel (Senior Accounting and Reporting Specialist)

*Ein eining í flokknum reikningskil og fjármál*

### Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um hvernig afskrifa eigi viðskiptavild, tímabil, virðisrýrnunarpróf og fleira.

### Verkefni

Umræður og stutt verkefni ef tími leyfir

## Vinnustofa 3: Skjölun ISA 230

**Umsjón:** Guðmundur Óli Magnússon, endurskoðandi hjá EY

*Ein eining í flokknum endurskoðun*

### Lýsing á vinnustofu:

Á vinnustofnunni verður fjallað um staðalinn ISA 230 sem er ætlað að vera leiðbeinandi varðandi skjölun vinnugagna svo skipulag og framkvæmd verði með bestum hætti og hægt sé að fylgja vinnu endurskoðandans í gegnum endurskoðunarvinnuna.

### Verkefni

Umræður og skoðanaskipti að lokinni yfirferð.

## Vinnustofa 4: Að vaxa í starfi

**Umsjón:** Helgi Héðinsson, forstöðumaður Opna háskólans í HR

*Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi*

### Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um hvernig endurskoðendur geta aukið þekkingu og færni til að yfirstíga hindranir, bæði sálrænar og aðrar og þannig vaxið í starfi sem einstaklingar. Hvernig þeir geta tileinkað sér uppbyggileg viðhorf og haldið einbeitingu.

### Verkefni

Umræður og skoðanaskipti að lokinni yfirferð.

---